



Athugasemdir Fuglaverndar (Fuglaverndarfélag Íslands) við frumvarp um Vatnajökulspjóðgarð

Fuglavernd fagnar því að fram sé komið frumvarp um Vatnajökulspjóðgarð.

Helstu athugasemdir Fuglaverndar við frumvarpið eru eftirfarandi:

Enn eru mörk þjóðgarðsins nokkuð óskýr og væri auðveldara að fjalla um frumvarpið ef þau væru skýr.

5. grein.

Fuglavernd telur æskilegt að aðkoma frjálsra félagasamtaka verði meiri en hér er gert ráð fyrir með því að útvistarsamtök eigi einnig þar fulltrúa og verði hann valinn af Samtökum Útvistarféлага (SAMÚT).

7. grein.

Fuglavernd telur æskilegt að í svæðisráðum eigi náttúruverndarfélag beina aðild með setu eins fulltrúa í hverju þeirra. Einnig væri æskilegt að útvistarsamtök ættu þar fulltrúa.

21. grein.

Gjaldtaka af Þjóðgördum og friðlöndum hefur ekki verið tíðkuð hér á landi heimild til gjaldtöku er því nýbreytni í þessum efnunum. Ísland ber sig gjarnan saman við ýmsar þjóðir Vestur-Evrópu en þar er almenna reglan sú að ekki er tekið sérstakt gjald af þeim sem heimsækja Þjóðgarða. Fuglavernd vill taka vara á þessu ákvæði sem við teljum að eigi að ræða mun meira á opinberum vettvangi og kynna fyrir almenningi þar sem hér er um grundvallar stefnubreytingu að ræða.

Athugasemdir Fuglaverndar um kaflann: „Athugasemdir við lagafrumvarp þetta bls. 8.”.

Um kafla 3. Hugmyndir um mörk Vatnajökulspjóðgarðs

1. Afar mikilvægt er að 5-10 km breitt svæði austan Jökulsár á Fjöllum og Kreppu verði hluti þjóðgarðarins og þannig verði Grágæsadalur, Fagridalur, Arnardalur og Framlönd sunnan, Möðrudalshluti Þjóðgarðsins. Á öllum þessum stöðum eru sérlega fallegar gróðurvinjar með ríkulegu fuglalífi og heiðagæsavörpum sem telja verulegan hluta af heimsstofninum. Gróðurvinjar meðfram Jökulsá á Fjöllum ásamt heiðagæsavörpum við Skjálfafljót telja allt að 25% af Íslands-Grænlandsstofni heiðagæsar. Framlönd og Arnardalur verða á endurskoðaðri IBA- skrá Fuglaverndar og *BirdLife International* 2007 yfir Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði.

2. Æskilegt væri að þjóðgarðurinn tæki einnig til alls Ódádhrauns og mæti þannig friðlandinu við Mývatn. Ódádahraun er stærsta breiða runninna hrauna í heiminum síðustu 10.000 ár, eða frá lokum ísaldar. Landsvæðið er eitt stærsta víðerni Evrópu og er þar að finna nánast algjörlega ósnortið landslag.

3. Æskilegt væri að mörk þjóðgarðsins til vesturs væru við Skjálfandafljót, þó með hæfilega breiðu beltí vestan Skjálfandafljóts sem tilheyrði Þjóðgarðinum og væri þá Skjálfandafljót frá upptökum í Vatnajökli og að Aldeyjarfossi innan þjóðgarðar. Skjálfandafljót er sérstæð jökulá með fallegum fossum og merkilegum lindasvæðum og þverám sem falla til fljótsins. Fuglalíf þar er á heimsmælikvarða. Meðal fugla á svæðinu má nefna snæuglu, straumönd og fálka. Heiðagæsavarp er þar mikið og er áætlað að varppörin séu á bilinu 3-4000. Skjálfandafljót verður á endurskoðaðri IBA- skrá Fuglaverndar og *BirdLife International* 2007.

4. Æskilegt er að á Suðurhálandinu séu Veiðivötn og Langisjór hluti Vatnajökulsþjóðgarðs. Veiðivötn eru á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA) vegna fjölda fugla sem þar er að finna, m.a. himbrima, straumandar og húsandar, en allt eru það ábyrgðartegundir Íslendinga þar sem þær verpa hvergi annars staðar í Evrópu.

Landslag í Veiðivötnum, við Tungnaá og við Langasjó, er einstakt og nær algjörlega óspillt. Fegurð svæðisins er mikil og ljóst að vinsældir þess munu aukast mjög á komandi árum með auknum ferðalögum og fjölgun erlendra ferðamanna.

5. Eyjabakkar hafa lengi verið á Náttúruuminjaskrá og er máltilkomið að þeir verði gerðir að friðlandi ásamt Snæfelli og Vesturöræfum þetta svæði mundi sóma sér vel í Vatnajökulsþjóðgarð þó að land sé þarna í allmiklu uppnámi vegna virkjanaframkvæmda og heiðagæsirnar á Eyjabökkum í vandræðum vegna hávaða og sprenginga. Eyjabakkar eru alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði IBA.

Reykjavík 14.02.2007

Fyrir hönd Fuglaverndar

Jóhann Óli Hilmarsson, Formaður

Einar Ólafur Þorleifsson, varaformaður